

Ed. 656. Frumvarp til laga [363. mál]

um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Póst- og símamálastofnun skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

6. gr. laganna fellur brott og breytist númeraröð síðari greina í samræmi við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Með lögum nr. 36/1977 var í fyrsta sinn bundin í lögum tala og verkefni aðaldeilda Póst- og símamálastofnunar, en ákvæði þar að lútandi höfðu áður verið í reglugerðum. Nefnd sú, er samdi frumvarp til téðra laga, taldi mikilvægt að festa skipulag stofnunarinnar svo að eigi væri unnt að breyta því í reglugerð án rækilegrar athugunar.

Á undanförnum árum hefur hins vegar orðið mikil breyting á skipulagi og starfsháttum opinberra stofnana. Hefur þótt nauðsynlegt að gefa stjórnvöldum meira svigrúm til skipulagningar á starfsemi þeirra til skiptingar á verkum, valdi og ábyrgð milli fólks og deilda og til þess að ná settu marki, betri þjónustu, meiri hagræðingu og auknum afköstum. Stjórn opinberra fyrirtækja er að þessu leyti ekki frábrugðin stjórn einkafyrirtækja, sem auðvitað þurfa að aðlaga sitt skipulag breyttum þörfum markaðarins og nútímvíðhorfum til stjórnunar.

Nýleg löggjöf ber nokkur merki þeirrar breytingar sem orðið hefur með því að veita ráðherra heimild til að ákvarða stjórnskipulag opinberra stofnana í reglugerð. Af lögum um stofnanir samgönguráðuneytisins má t.d. nefna eftirfarandi:

1. Hafnalög, nr. 69/1984, 6. gr.: „Hafnamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.“
2. Lög um Landmælingar Íslands, nr. 31/1985, 4. gr.: „Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð.“
3. Lög um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985, 5. gr.: „Ráðherra setur í reglugerð nánari fyriræli um málefni og starfsemi Veðurstofunnar.“
4. Lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, 3. gr.: „Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.“

Um flugmálastjórn, skipulag, starfshætti og verkefni, er fjallað í reglugerð nr. 276/1983.

Með vísan til framanritaðs er ljóst að með frumvarpi þessu er lagt til að skipulag Póst- og símamálastofnunar verði ákvarðað með sama hætti og skipulag annarra stofnana ráðuneytisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum hljóðar 5. gr. þannig:

„Starfsemi póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta stofnunarinnar og rekstrarhluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í fjórar aðaldeildir, fjármáladeild, tæknideild, umsýsludeild og viðskiptadeild.

Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í fjögur póst- og símaumdæmi.

Hverri aðaldeild stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi. Framkvæmdastjórar og umdæmisstjórar heyra beint undir póst- og símamálastjóra.“

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið er með lagagrein þessari lagt til að lögfest verði að stjórnskipulag stofnunarinnar skuli ákveðið í reglugerð er ráðherra setur og vísast til framangreindra athugasemda um rökstuðning fyrir því.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að 6. gr. gildandi laga falli brott, en hún er svohljóðandi:

„Aðaldeildir vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, sem varða stofnunina.

Helstu verkefni hverrar aðaldeildar eru m.a. sem hér segir:

1. **Fjármáladeild:** fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, þ.m.t. allar almennar áætlanir vegna rekstrar og framkvæmda, reikningshald stofnunarinnar og aðalbókhald, fjárreiður og gerð greiðsluáætlana, endurskoðun undir yfirumsjón ríkisendurskoðunar, rekstraryfirlit, hagkvæmnisútreikningar, innkaup, aðalbirgðavarsla og gjaldskrármál.

2. **Tæknideild:** tæknileg áætlanagerð varðandi síma og önnur fjarskiptamál, uppsetning á sjálfvirkum stöðvum, sambandabúnaður, radiósambönd stofnunarinnar, radióeftirlit, tíðnieftirlit, fjölþjóðasamskipti um síma- og fjarskiptamál.

3. **Umsýsludeild:** skipulags- og hagræðingarmál, starfsmannamál, fræðslumál stofnunarinnar, bygging og umsýsla fasteigna og almenn þjónustumál innan stofnunar, skipulag skjalasafna og umsjón mötuneyta.

4. **Viðskiptadeild:** mál sem lúta að þjónustu stofnunarinnar við notendur almennt, bæði að því er varðar póstmál og símamál, skipulag póst- og símaþjónustu, pósthjónustu og póstdreifingar, póstgíró, umferðarmáladeild, frímerkjaútgáfa og -varsla, símaskrá, almanna-tengsl og upplýsingaþjónusta, útgáfa reglna og fyrirmæla um framkvæmd póst- og símaþjónustu og eftirlit með því, að þeim sé fylgt, kvartanir og skaðabótamál. Nánar skal kveðið á um starfsemi aðaldeilda í reglugerð, sem ráðherra setur.“

Með vísan til 1. gr. þessa frumvarps er lagt er til að framangreind ákvæði falli brott úr lögunum, en að það verði sett í vald ráðherra að ákvarða skipulag stofnunarinnar og þá m.a. skiptingu verkefna milli aðaldeilda.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringar.